

Vinnumálastofnun
kt. 700594-2039
(í samningi þessum nefnd VMST)
og
Hafnarfjarðarbær
kt. 590169 -7579
(í samningi þessum nefnd HFB)

gera með sér svohljóðandi

Samstarfs- og þjónustusamningur

á grundvelli laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir.

1. gr. Forsendur samnings

Með þessum samningi er hrundið af stað þróunarverkefni sem felur í sér nýjungar á sviði staðbundinna vinnumarkaðsúræða í Hafnarfirði, sérstaklega hvað varðar vinnumiðlun, starfsþjálfun og þjónustu við unga atvinnuleitendur.

Gengið er út frá því að HFB hafi í samráði við VMST forgöngu um svæðisbundið samstarf við stéttarfélög, atvinnurekendur, menntastofnanir, frjáls félagasamtök og aðra vegna verkefnisins.

2. gr. Þjónusta og markmið

Markmið samnings þessa að efla þjónustu við atvinnuleitendur, einkum langtímaatvinnulausa og ungt fólk, í Hafnarfirði í þeim tilgangi að þeir verði virkir þáttakendur á vinnumarkaði. Í þeim tilgangi eru samningsaðilar sammála um að koma á fót Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar. Sérstaklega skal stefnt að eflingu vinnumiðlunar og faglegrar starfs- og námsráðgjafar. Jafnframt sem auka skal virkni atvinnuleitenda og fjölga úrræðum sem þeim stendur til boða.


Samningur þessi er gerður með vísan til 2. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006.

3. gr. Gildissvið

Samningurinn tekur til starfsemi í Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar sbr. 4. gr.

4. gr. Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar

Í Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar geta atvinnuleitendur fengið fjölbætta aðstoð við atvinnuleit endurgjaldslaust. Aðstoðin felst m.a. í upplýsingagjöf um atvinnuástand, atvinnuleysi og atvinnuhorfur ásamt því að ráðgjafar veita upplýsingar og ráðgjöf um náms- og starfsval og hvernig atvinnuleit sé best háttáð. Sérstök áhersla er lögð á langtímaatvinnulausa og ungt fólk.

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	1.3.2010
Málsnr:	10021070
Bréfal:	381

Handwritten signatures and initials, including "KLR" and "Jón".

5. gr. Verkefnastjórn

Samningsaðilar skipa sameiginlega verkefnastjórn sem fylgist með og sér til þess að markmið verkefnisins náist. Verkefnastjórnin er skipuð fjórum fulltrúum, einum frá VMST og tveim frá HFB, auk eins fulltrúa tilnefndum af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Hafnarfirði.

6. gr. Nánar um starfsemi Atvinnumiðstöðvar Hafnarfjarðar

- a. Vinnumiðlun
- b. Almenn ráðgjöf VMST fyrir atvinnuleitendur í HF
- c. Sértek ráðgjöf VMST fyrir unga atvinnuleitendur
- d. Sértek ráðgjöf VMST fyrir langtímaatvinnulausa.
- e. Náms- og starfsráðgjöf fyrir einstaklinga og hópa
- f. Starfs- og námstengd vinnumarkaðsúræði
- g. Atvinnutengd endurhæfing
- h. Öflun og kynning á hafnirskum úrræðum og vinnumarkaði
- i. Staðbundin úrræði fyrir ungt fólk

VMST leggur starfsemi til starfs- og námsráðgjafa eftir þörfum og verður sú þjónusta í samræmi við markmið þau sem félags- og tryggingamálaráðuneytið hefur sett stofnuninni.

HFB leggur starfsemi til eftirfarandi:
Húsnæði og rekstur þess;
Skrifstofuáðstöðu fyrir allt að 5 starfsmenn;

HFB ræður tvo starfsmenn í atvinnuátaksvinnu og greiðir mismun launa og atvinnuleysisbóta. Gert er ráð fyrir að annar þessara starfsmanna hafi sérþekkingu á hafnirskum vinnumarkaði og hinn sérþekkingu á aðstæðum ungs fólks.

Meginverkefni þessara starfsmanna er að sinna vinnumiðlun og koma á góðu samstarfi við atvinnurekendur, stéttarfélag og aðra er málið varðar á svæðinu. Samstarf þessara aðila felst m. a. í því að fjölga vinnumarkaðsúræðum á svæðinu með t.d. auknum ráðningum atvinnuleitenda í starfsþjálfun, reynsluráðningu, vinnustaðanam, átaksverkefni osfrv.

7. gr. Árangursmat, upplýsingaskylda og eftirlit með framkvæmd samningsins
Þremur mánuðum eftir að samningurinn tekur gildi (eða fyrr ef samningsaðilar telja þörf á) munu samningsaðilar ræða og meta árangur samstarfsins og hvort gera þurfi breytingar. Vinnuálastofnun boðar til árangursmatsfundar.

VMST hefur eftirlit með framkvæmd samningsins og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónustan samkvæmt honum er veitt og kalla eftir upplýsingum sem stofnunin telur þörf á hverju sinni.

Handwritten signatures and initials:
[Illegible signature] [Illegible signature] [Illegible signature]

8. gr. Miðlun upplýsinga

Vinnumiðlarar HFB senda VMST reglubundið upplýsingar um samskipti við atvinnuleitanda og nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðsúrræði og laga nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar. Upplýsingarnar verða á ákveðnu stöðluðu rafrænu formi sem Vinnumálastofnun mun útfæra. Stofnunin mun færa upplýsingarnar inn í samskiptagrunn sinn og gagnabanka til frekari úrvinnslu.

9. gr. Þagnarskylda

Starfsmenn AH skulu gæta þagnarskyldu um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu á grundvelli þessa samnings, og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

10. gr. Tilkynning til atvinnuleitenda

Samstarfsaðilar munu tilkynna atvinnuleitendum í Hafnarfirði með almennum hætti um það samstarf sem til er stofnað með samningi þessum.


11. gr. Gildistími, uppsögn, endurskoðun


Samningur þessi tekur gildi frá undirritunardegi og gildir til 1. janúar 2011. Telji samningsaðilar að forsendur samningsins hafi breyst geta þeir farið fram á viðræður um endurskoðun á einstaka ákvæðum samningsins á samningstímabilinu. Samningsaðilar ákveða sameiginlega fyrir 1. desember 2010 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins.

12. gr. Frumrit og staðfesting samnings


Af samningi þessum skulu gerð þrjú samhljóða eintök og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörslu VMST, eitt eintak skal vera í vörslu HFB og eitt eintak skal vera í vörslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins.


Hafnarfjörður, 26. febrúar 2010


Fh. Vinnumálastofnunar


Fh. Hafnarfjarðarbæjar


Fh. fulltrúaráðs verkalyðsfélaga í Hafnarfirði


Staðfesting félags- og tryggingamálaráðherra



HAFNARFJÖRÐUR

Bókun við samstarfs- og þjónustusamning Vinnumálastofnunar og Hafnarfjarðarbæjar.

Vísað er til 10. gr. þjónustusamnings Vinnumálastofnunar og Hafnarfjarðarbæjar sem undirritaður var 26. febrúar 2010.

Samningsaðilar eru sammála um að framlengja samninginn til 31. desember 2014.

Á árinu 2014 verður stofnaður starfshópur sem fer yfir starfsemi AMH, mótar þjónustu AMH vegna þeirra sem þiggja fjárhagsbætur hjá Fjölskylduþjónustu og kemur með tillögur að framtíðarfyrirkomulagi AMH.

Hafnarfirði, 21. nóvember 2013

Fh. Vinnumálastofnunar

Gissur Pétursson, forstjóri

Vottur

Fh. Hafnarfjarðarbæjar

Rannveig Einarsson, sviðsstjóri
fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar

Vottur

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	21.11.2013
Málsnr:	10021070
Bréfal:	381

